

Stjórnarskrárnefnd
Forsætisráðuneytinu

150 Reykjavík

b.t. postur@for.is

Reykjavík, 9. mars 2016

Mál: Tillögur stjórnarskrárnefndar, nokkur álitæfni.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök iðnaðarins standa sameiginlega að ábendingum sem í þessu bréfi felast.

Stjórnarskrárnefnd birti á vef forsætisráðuneytisins, þann 19. febrúar 2016, drög að þremur frumvörpum til stjórnarskipunarlag. Frestur til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin var gefinn til 8. mars 2016 sem er of skammur tími til að kanna álitæfni sem varða grundvöll stórs hluta íslensks atvinnulífs. Þessi umsögn verður því ekki tæmandi heldur er varpað fram spurningum sem nauðsynlegt er að fullnægjandi svör liggja fyrir um áður en frumvörpin um breyting að stjórnarskránni geta orðið að lögum.

Samtökunum er ljóst að aðdragandi tillagna nefndarinnar er langur en af einu skýrslunni sem birt hefur verið um starf nefndarinnar (júní 2014) er ekki unnt að draga einhlítar ályktanir um hverjar kynnu að verða tillögur hennar. Þegar verið er að fjalla um grundvallarreglur lýðveldisins verður að ætlast til að almenningur og hagsmunaaðilar hafi rúman tíma til að kynna sér efni tillagna, íhuga þær, mynda sér skoðun og koma þeim á framfæri. Það er svo skylda þeirra sem um málið fjalla að fara yfir athugasemdir sem berast og taka tillit til þeirra eftir því sem efni standa til. Samtökin munu þegar tækifæri gefst til og eftir því sem tilefni er senda Alþingi umsögn um tillögur að stjórnarskrárbreytingum þegar frumvörpin koma þar til umfjöllunar.

Allur atvinnurekstur byggir á fjárfestingum þar sem byggður er upp rekstur sem ætlað er að standa undir fjárfestingunni, greiða laun, skatta, arð auk þess sem rannsóknir, vöruþróun og markaðssókn er mikilvægur þáttur rekstursins. Fjárfestingunni er ætlað að standa til langs tíma og því er nauðsynlegt að rekstrarumhverfið sé stöðugt, fyrirsjáanlegt og samkeppnishæft við það sem gengur og gerist í nálægum löndum. Löggjöf sem breytir umhverfi fyrirtækjanna í grundvallaratriðum krefst nákvæms og ítarlegs mats þar sem bæði er hugað að afleiðingum breytinga til skamms tíma og jafnframt til lengri tíma. Það er þekkt bæði hér á landi og annars staðar að óvissa dregur úr fjárfestingum og endurnýjun tækja og búnaðar og dregur smám saman úr samkeppnishæfni fyrirtækja og rýrir smám saman lífsskjör fólks.

Eignarréttur, atvinnufrelsi og félagafrelsi eru mannréttindi. Grundvallaratriði stjórnarskipunarinnar er frelsi fólks til að skapa sér atvinnu, afla sér lífsviðurværis og leggja grunn að eigin lífshamingju. Fólk stundar atvinnurekstur og skapar verðmæti með því að fjárfesta og með því að stofna félög ásamt öðrum um atvinnurekstur. Þessi réttur er um allan heim talinn verðskulda stjórnarskrárvernd. Gæta þarf þess við umræddar breytingar hvers vegna aðrir ættu

að geta krafist hlutdeildar í arði sem maður hefur skapað sér með starfa sínum og fjárfestingum jafnvel í félagi við fleiri með réttmætum væntingum um að lögin sem um starfsemina gilda séu stöðug og að grundvallarreglur stjórnarskrárinnar um mannréttindi, eignarrétt og atvinnufrelsi haldi.

Vert er að hafa í huga að mjög stór hluti atvinnulífsins byggir, beint eða óbeint, á nýtingu auðlinda. Stærstur hluti útflutningstekna þjóðarinnar kemur frá atvinnugreinum sem byggja á auðlindanýtingu og má þar nefna sjávarútveg, ferðaþjónustu og orkuviðnað. Lífskjör þjóðarinnar byggja að verulegu leiti á vexti og viðgangi þessara greina. Fyrirhugaðar breytingar snerta því hagsmunum fólks og fyrirtækja beint. Forsenda þess að hægt sé að leggja mat á tillögur stjórnarskrárnefndar er því að unnin sé góð greining á því hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar hefðu á vöxt og viðgang auðlindatengdra atvinnugreina.

Þegar horft er til greinar um vernd náttúru og umhverfis virðist eðlilegt að tala ekki einungis um vernd heldur einnig nýtingu. Það er varla rétt að náttúran ein og sér sé undirstaða lífs í landinu heldur hefur nýting náttúrunnar skapað stóran hluta af þeirri velmegun sem Íslendingar búa við. Náttúran verður vart skilin frá nýtingu auðlindanna.

Í grein um auðlindir verður að taka mið af því að sumar auðlindir landsins flokkast sem námur og geta verið bæði á landi og hafsbotni. Nýting þeirra verður seint talin sjálfbær og þarf því að gera ráð fyrir því þannig að öll námuvinnsla falli ekki niður með breytingu á stjórnarskránni. Það er erfitt að átta sig á hvað átt er við með að nýting auðlinda skuli vera til hagsbóta landsmönnum öllum nema verið sé að áskilja sé að rekstraraðili starfi samkvæmt lögum og reglum sem um starfsemina gilda og uppfylli þannig ákvæðið. Ekki getur verið ætlunin að gera upptækan ávinning fólks af eigin rekstri.

Þegar kemur að nýtingu auðlinda í þjóðareign hvort sem um er að ræða fiskimiðin, orkulindir, land eða aðrar þá er nýting þeirra háð gríðarlegum fjárfestingum. Nauðsynlegt er að þeir sem heimildir fá til nýtingar geti byggt upp sína starfsemi til langs tíma og gengist undir fjárskuldbindingar með hefðbundnum samningum við lánastofnanir og aðra fjármögnunaraðila enda er slíkt forsenda nýtingarinnar.

Grein um þjóðaratkvæði takmarkar verulega þau mál sem gengið geta þessa leið þegar haft er í huga að skattamál, fjárlög og lög til að framfylgja þjóðréttarsamningum eru undanþegin ákvæðinu. Þannig eru öll mál sem leiða af EES – samningnum (fjórfrélsið), hafréttarsamningnum og fjölmörgum samningum um umhverfismál undanþegin. Fróðlegt væri að sjá lista yfir mál sem teljast tæk til atkvæðagreiðslu samkvæmt greininni. Einnig er áhugavert í ljósi þess að stjórnvöld eru mjög gjörn á að gullhúða tilskipanir og reglur sem frá EES – samningnum stafa að unnt geti verið að krefjast þjóðaratkvæðis um þann hluta löggjafarinnar sem er umfram það sem krafist er vegna samningsins sjálfs.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins og Samorka hafa hug á að skila umsögn um tillögur stjórnarskrárnefndar sem birtar voru á vef forsætisráðuneytisins þann 19. febrúar síðastliðinn.


Enginn vafi er á að tillögur nefndarinnar geta haft mikil áhrif á atvinnurekstur hér á landi og sá frestur sem veittur er (11 vinnudagar) er allt of skammur til að unnt sé að bregðast við tillögunum og meta áhrif þeirra.

Samtökin óska þess því eindregið að þeim verði veittur frestur til 18. mars til að skila umsögn um tillögurnar.

Samtökunum er ljóst að aðdragandi tillagna nefndarinnar er langur en af einu skýrslunni sem birt hefur verið um starf nefndarinnar (júní 2014) er ekki unnt að draga einhlítar ályktanir um hverjar kynnu að verða tillögur hennar. Þegar verið er að véla um grundvallarreglur lýðveldisins verður að ætlast til að almenningur og hagsmunaaðilar hafi rúman tíma til að kynna sér efni tillagna, íhuga þær, mynda sér

skoðun og koma þeim á framfæri. Það er svo skylda þeirra sem um málið fjalla að fara yfir athugasemdir sem berast og taka tillit til þeirra eftir því sem efni standa til.

Virðingarfyllst,



Fh. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. Samtaka iðnaðarins